

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1907.

*Konungleg auglýsing um að ríkisstjórn skuli falin á hendur ríkisarfa í fjarvist konungs, undirskrifuð af konungi 17. desbr. 1907 (A nr. 87, bls. 520—521).*

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aftur og tekinn við ríkisstjórn, undirskrifuð af konungi 21. s. m. (A nr. 88, bls. 522—523).*

### Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um hlunnindi handa sparisjóði í Keflavík.

1  
21. jan.

Útaf beiðni, er hingað hefir borist frá formanni sparisjóðsins í Keflavík, vill stjórnarráðið hjermeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. þ. m. að telja hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874 um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, er nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt, og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breyting, sem verða kann á lögum sjóðsins.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir forstöðunefnd sjóðsins.

## Auglýsing

um

2  
21. jan.

### bólusótt í Brest á Frakklandi og í Leith í Skotlandi.

Samkvæmt simskeyti frá utanríkismálastjórninni í Kaupmannahöfn, gerir bólusótt vart við sig til muna í Brest á Frakklandi og í Leith í Skotlandi um þessar mundir.

Því auglýsist hjermeð, að tjæða bæi ber að skoða sem sýkta af nefndum sjúkdómi. Ákvæðum laga nr. 34, 6. nóv. 1902, um varnir gegn því, að næmir sjúkdómar berist til Íslands, verður því nú beitt, að því er snertir þessa bæi.

Samkvæmt 22. gr. nefndra laga, er hjermeð bannað að flytja frá Brest og Leith brúkað lín, föt og sængurfatnað, dulur, brúkað vatt, hnökraull, pappírs-afklippur, hár, húðir og ávexti.

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

Þetta birtist öllum þeim til leiðbeiningar, er hlut eiga að máli.

í stjórnarráði Íslands, 21. jan. 1908.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.